

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 11. júní 2015

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun klasastefnu (415. mál)

Viðskiptaráð þakkar atvinnuveganefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Með henni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa starfshóp með það hlutverk að móta opinbera klasastefnu. Lagt er til að klasastefnan verði mótuð í tengslum við stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2014–2016. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin skili skýrslu til Alþingis með niðurstöðum starfshópsins fyrir árslok 2015.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að markmið nýrrar klasastefnu yrðu eftirfarandi:

- a. að ráðstafa fjármunum til atvinnuuppbyggingar og byggðaþróunar með markvissum hætti,
- b. að efla samvinnu vísinda og atvinnulífs,
- c. að efla nýsköpun,
- d. að efla samkeppnishæfni fyrirtækja, atvinnugreina og þjóðarinnar,
- e. að efla hagsæld.

Viðskiptaráð styður markmið þingsályktunartillögunnar. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að ávinningur klasasamstarfs á borð við það sem þingsályktunartillagan kveður á um getur verið umtalsverður. Að mati Viðskiptaráðs skiptir útfærsla klasastefnunnar miklu máli en lykilatríði er að framkvæmd slíkrar stefnu sé að sem mestu leyti á höndum atvinnulífsins sjálfs. Eins þarf hlutverk opinberra aðila að vera vel afmarkað og takmarkast við setningu lagaramma og eftirfylgni.

Loks leggur Viðskiptaráð áherslu á að aðhalds verði gætt í tengslum við útgjöld hins opinbera vegna ofangreindrar stefnumótunar.

Viðskiptaráð leggur til að þingsályktunartillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands